

Náttúrustofa Vestfjarða
Ársreikningur
2024

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
Kt. 610397-2209

Náttúrustofa Vestfjarða

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Áritun stjórnenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Náttúrustofu Vestfjarða á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Náttúrustofu Vestfjarða í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Náttúrustofu Vestfjarða. Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstöðumaður hafi ákveðið að leysa stofuna upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofunnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofunnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 28.mars 2025.

Endurskoðun Vestfjarða

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

Áritun stjórnenda

Náttúrustofa Vestfjarða starfar í samræmi við lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með síðari breytingum og samkvæmt rekstrarsamningi milli Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hins vegar frá 29. apríl 2019. Um starfsemina gildir ennfremur reglugerð 459/1996 um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

Stjórn náttúrustofa er skipuð af rekstrarsveitarfélögum og hlutverk náttúrustofa er skilgreint nánar í lögnum.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt lögum (60/1992) er:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.
- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.
- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verkswiði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.
- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verkswiði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.
- að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Afkoma ársins 2024 var jákvæð um kr. 2.134.004 og er afkoman færð til hækkunar á eigin fé stofunnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Náttúrustofu Vestfjarða staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun

Bolungarvík, 28. mars 2025.

Í stjórn

Forstöðumaður

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr	2024	Rekstraráætlun 2024	2023
Seld þjónusta		63.433.971	69.739.462	72.590.083
Rekstrarframlög		40.725.001	39.048.750	39.048.750
Náttúrufræðistofnun og aðrar náttúrustofur		15.680.000	17.120.000	15.080.000
Styrkir		23.009.436	13.500.000	13.709.789
Aðrar tekjur		<u>1.212.125</u>	<u>600.000</u>	<u>2.771.151</u>
		<u>144.060.533</u>	<u>140.008.212</u>	<u>143.199.773</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	110.021.743	108.147.152	112.669.234
Húsnæðiskostnaður		5.350.603	5.439.390	4.993.829
Ferða- og dvalarkostnaður		7.686.056	6.700.000	7.515.116
Rekstur bifreiða		2.072.493	2.338.988	2.149.627
Verkefnakostnaður		8.040.989	7.000.000	8.336.472
Annar rekstrarkostnaður		7.889.737	5.748.068	5.722.405
Afskriftir fastafjármuna	7	<u>1.151.097</u>	<u>2.200.000</u>	<u>1.142.762</u>
		<u>142.212.718</u>	<u>137.573.598</u>	<u>142.529.445</u>
Rekstrarhagnaður		1.847.815	2.434.614	670.328
Fjármunatekjur		664.876		857.658
Fjármagnsgjöld		<u>(378.687)</u>	<u>(769.500)</u>	<u>(541.159)</u>
Hagnaður ársins		<u>2.134.004</u>	<u>1.665.114</u>	<u>986.827</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	3.024.813	4.175.910
Hlutabréf í Vesturferðum ehf		50.000	50.000
		<u>3.074.813</u>	<u>4.225.910</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		19.710.739	10.608.966
Handbært fé		265.119	21.358.055
		<u>19.975.858</u>	<u>31.967.021</u>
Eignir		<u>23.050.671</u>	<u>36.192.931</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé	8	27.000.000	27.000.000
Óráðstafað eigið fé		(22.316.786)	(24.450.790)
Eigið fé		<u>4.683.214</u>	<u>2.549.210</u>
Langtímaskuldir			
Aðrar langtímaskuldir	9	1.097.441	1.914.362
		<u>1.097.441</u>	<u>1.914.362</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.204.195	2.866.790
Skuldir við lánastofnanir		881.817	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	817.154	712.958
Fyrirfram innheimtar tekjur		1.000.000	15.751.850
Aðrar skammtímaskuldir		11.366.850	12.397.761
		<u>17.270.016</u>	<u>31.729.359</u>
Skuldir		<u>18.367.457</u>	<u>33.643.721</u>
Eigið fé og skuldir		<u>23.050.671</u>	<u>36.192.931</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.847.815	670.328
Afskriftir		1.151.097	1.142.762
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.998.912	1.813.090
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun		(9.101.773)	1.351.832
Rekstartengdar skuldir, (lækkun)		(15.445.356)	(6.180.365)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		(21.548.217)	(3.015.443)
Innborgaðir vextir		664.876	857.658
Greiddir vextir		(378.687)	(541.159)
Handbært fé til rekstrar		(21.262.028)	(2.698.944)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	7	0	(500.066)
		0	(500.066)
Fjármögnunarahreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(712.725)	(643.710)
Hækkun á skammtímask. við lánastofn.		881.817	0
		169.092	(643.710)
Lækkun handbærs fjár		(21.092.936)	(3.842.720)
Handbært fé í upphafi árs		21.358.055	25.200.775
Handbært fé í lok árs		265.119	21.358.055

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Náttúrustofa Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	89.249.329	89.856.170
Lífeyrissjóður	10.912.518	11.043.141
Önnur launatengd gjöld	9.068.347	10.524.632
Annar starfsmannakostnaður	791.549	1.245.291
	<u>110.021.743</u>	<u>112.669.234</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	10,0	10,0

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	350.681	809.912
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	314.195	47.746
	<u>664.876</u>	<u>857.658</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(72.511)	(201.139)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(306.176)	(340.020)
	<u>286.189</u>	<u>316.499</u>

6. Tekjuskattur

Stofan greiðir ekki tekjuskatt sbr. 4. grein tekjuskattslaga.

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2023	4.740.984	1.532.112	6.273.096
Eignfært á árinu	0	500.066	500.066
Staða 1.1.2024	4.740.984	2.032.178	6.773.162
Staða 31.12.2024	4.740.984	2.032.178	6.773.162
Afskriftir			
Staða 1.1.2023	948.197	506.293	1.454.490
Afskrift ársins	948.197	194.565	1.142.762
Staða 1.1.2024	1.896.394	700.858	2.597.252
Afskrift ársins	948.197	202.900	1.151.097
Staða 31.12.2024	2.844.591	903.758	3.748.349
Bókfært verð			
Staða 1.1.2023	3.792.787	1.025.819	4.818.606
Staða 1.1.2024	2.844.590	1.331.320	4.175.910
Staða 31.12.2024	1.896.393	1.128.420	3.024.813
Afskriftarhlutföll	10-30%	20-35%	

8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	27.000.000	(25.437.617)	1.562.383
Hagnaður/(tap) ársins		986.827	986.827
Eigið fé 1.1.2024	27.000.000	(24.450.790)	2.549.210
Hagnaður/(tap) ársins		2.134.004	2.134.004
Eigið fé 31.12.2024	27.000.000	(22.316.786)	4.683.214

Skýringar

9. Langtímaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í íslenskum krónum	1.914.595	2.627.320
Næsta árs afborgun langtímaskulda	1.914.595 (817.154)	2.627.320 (712.958)
Langtímaskuldir í árslok	1.097.441	1.914.362
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
Næsta árs afborganir	817.154	712.958
Afborganir 2024 /2023	930.316	814.989
Afborganir 2025/2024	167.125	931.621
Afborganir 2026/2025	0	167.752
	1.914.595	2.627.320

10. Vörslureikningar

Náttúrustofan hefur verið samstarfsaðili að nokkrum evrópuverkefnum og er vörsluaðili þeirra verkefna. Staða bankareikninga í árslok vegna þessara verkefna í vörslu stofunnar nemur kr. 586.167.

11. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Rekstrarframlög

	2024	2023
Rekstrarframlag ríkis	31.312.500	30.037.500
Rekstrarframlag sveitarfélaga	9.412.501	9.011.250
	<u>40.725.001</u>	<u>39.048.750</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Vinnulaun	89.249.329	89.856.170
Tryggingagjald	6.381.704	6.725.576
Lífeyrissjóður	10.912.518	11.043.141
Sjóðagjöld	2.928.985	2.942.331
Áunnið orlof, breyting	(242.342)	856.725
Slysatryggingar starfsfólks	291.250	223.848
Annar starfsmannakostnaður	500.299	1.021.443
	<u>110.021.743</u>	<u>112.669.234</u>

Húsnæðiskostnaður

	2024	2023
Húsaleiga	5.249.550	4.955.420
Rafmagn og hiti	43.267	0
Ræsting og hreinlætisvörur	57.786	38.409
	<u>5.350.603</u>	<u>4.993.829</u>

Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	3.004.562	2.154.036
Sími	8.605	6.196
Burðargjöld	26.674	34.998
Pappír, prentun og ritföng	101.948	161.736
Auglýsingar	1.325.494	390.947
Endurskoðun og reikningsskil	695.206	752.650
Lögfræðiþjónusta	104.000	288.700
Önnur aðkeypt þjónusta	204.000	204.000
Viðskiptakostnaður	364.732	333.100
Fundir og ráðstefnur	952.377	30.478
Rekstur kaffistofu	233.594	211.051
Viðhald áhalda og tækja	750.564	233.976
Þjónustugjöld banka	77.383	89.195
Annar kostnaður	40.598	831.342
	<u>7.889.737</u>	<u>5.722.405</u>